

Þriðjudaginn 15. janúar 1991.

Nr. 472/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Þórði Jónssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1990. Krefst hann þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var kynnt krafa ríkissaksóknara á dómþingi sakaðóms Rangárvallasýslu 28. desember 1990. Krafðist hann þess, að kröfu ákærvaldsins í málinu yrði hafnað og að dómsáttin frá 4. desember 1990 héldi gildi sínu. Hann hafi þann dag játað brot sitt fyrir fulltrúa sýslumanns og staðið í þeirri trú, að málið væri úr sögunni, er hann hefði greitt þá sekt, sem honum var ákvörðuð af fulltrúanum.

Með dómi 12. september 1988 var varnaraðili dæmdur í sakadómi Rangárvallasýslu í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár og 30.000 króna sekt fyrir brot gegn ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga og umferðarlaga, þar á meðal fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Var hann sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá 2. nóvember 1987 að telja. Með dómi sama dómstóls 20. ágúst 1990 var varnaraðili dæmdur í 150.000 króna sekt fyrir ýmis brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt, þar á meðal fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Var hann þá sviptur ökuleyfi í 3 ár og 6 mánuði frá 19. september 1990 að telja.

Hinn 24. september 1990 stöðvaði lögreglan í Reykjavík varnaraðila við akstur bifreiðar á Suðurlandsvegi á mótis við Rauðhóla. Gerði lögreglan í Reykjavík skýrslu um málið, og gaf varnaraðili skýrslu samdægurs hjá rannsóknardeild lögreglunnar, þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni frá Hveragerði, þrátt fyrir það að hann hefði verið sviptur ökuleyfi frá 1987. Lögreglustjórinn í

Reykjavík sendi mál þetta til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, sem framsendi það ríkissaksóknara til ákvörðunar með bréfi 8. október 1990. Ríkissaksóknari endursendi málið með bréfi 1. nóvember 1990 ásamt ákæru, sem gefin var út sama dag á hendur varnaraðila fyrir ofangreint atferli, en það var talið varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Var þess krafist í bréfi ríkissaksóknara, að lokið yrði rannsókn málsins og það síðan tekið „til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru“.

Þrátt fyrir þetta var málinu lokið með hinni kærðu dómsátt í sakadómi Rangárvallasýslu hinn 4. desember 1990. Viðurkenndi varnaraðili ofangreint atferli, sem heimfært var undir 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og samþykkti hann að greiða 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir 10. janúar 1991.

Svo sem fyrr er rakið, hafði ríkissaksóknari gefið út ákæru á hendur varnaraðila hinn 1. nóvember 1990 og krafist þess, að hér- aðsdómari kvæði upp dóm í máli hans. Var því óheimilt að hafa annan hátt á málalokum, sbr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Þegar af þeirri ástæðu ber samkvæmt 6. mgr. 112. gr. sömu laga að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 4. desember 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 4.12. kl. 11, var sakadómur Rangárvallasýslu settur í skrifstofu embættisins á Hvolsvelli og haldinn af fulltrúa sýslumanns, Harra Ormarssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið nr. A8/90: Rannsókn í tilefni af kæru um umflbrot Þórðar Jónssonar, Litlagerði 10, kt. 050764-3979.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði, áminntur um sannsögli. Nafn: Þórður Jónsson. Stétt eða atvinna: sjómaður. Heimili: Litlagerði 10, Hvolsvelli. Fæðingardagur: 5. júlí 1964. Fæðingarstaður: Vestmannaeyjar.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt, að hafa ekið bifreiðinni X-35 frá Hveragerði áleiðis til Reykjavíkur án ökuréttinda.

Hann samþykkir að greiða kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa

við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umfl. nr. 50/1987.

Sektin greiðist fyrir 10. janúar 1991, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Málskostnaður, kr. 500, greiðist f. sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. 1. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málsókn falla niður.
